

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 20. apríl 1963, um bændaskóla, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 115 25. maí 1965, um sama efni.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

### 1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð og innheimtir gjald fyrir það eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfum hennar, í té heitt vatn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar Laugaráss fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugaráss-héraðs.

### 3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 48 000 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafist.
2. Fasteignagjöld:
  - a. Af íbúðarhúsum kr. 54.00 pr. rúmm. á ári.
  - b. Af verkstæðis- og iðnaðarhúsum kr. 36.00 pr. rúmm. á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 24.000 fyrir hvern notanda á ári.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórnarnefnd Laugaráss-héraðs hverju sinni að fenginni heimild ráðuneytisins.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiaðar.

### 4. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af dældum sekl. kr. 48 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 54.00 pr. rúmm.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 36.00 pr. rúmm.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 24 000.
5. Stofngjöld greiðist þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 3. gr. 6. málslið.

**5. gr.**

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér greinir:

Fyrir janúar—mars 1. apríl.

Fyrir apríl—júni 1. júlí.

Fyrir júlí—desember 1. október.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga. Heimilt er að taka dráttarvexti af gjaldföllnum hitaveitugjöldum 2% á mánuði.

**6. gr.**

Hitaveitu Laugaráss er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

**7. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

**8. gr.**

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld sín. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 14 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 400.00 hverju sinni.

**9. gr.**

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stillikrönum, hemlum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

**10. gr.**

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss frá 20. nóv. 1972 ásamt síðari breytingum á henni.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1974.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## PRÓFREGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 22 3. maí 1972 og reglugerð nr. 259 27. ágúst 1974 um Stýrimannaskólann í Reykjavík eru hér með settar eftirfarandi reglur um prófkröfur og tilhögun á prófum: